

## Vika6 – Samskipti og sambönd (9.-10. bekkur)

Hér fyrir neðan eru dæmi um klípusögur sem tengjast nánnum samskiptum tveggja aðila. Mælt er með að skipta unglíngunum í litla hópa og hver hópur fær eina klípusögu til að ræða um og reyna að finna góða lausn við. Gefið hópnum 10-15 mín til að ræða saman.

Biðjið einn úr hverjum hópi að lesa sína sögu upphátt og ráðleggingar hópsins. Hvetjið þau til að einblína á jákvæð og heilbrigð samskipti þegar þau reyna að leysa áskorunina.

Þú varst með vinum þínum, fékk skilaboð en svaraðir seint eða seenaðir hinn aðilann. Hann heldur að þú hafir verið að halda framhjá. Hvernig getið þið leyst málið?

Þið voruð búin að plana að vera saman og gera eitthvað kósý og þú ert búin að hlakka mikið til (fara í sturtu, kaupa nammi og svona) en hinn aðilinn hættir við á síðustu stundu til að fara í bíó með vinum/vinkonum sínum. Þú verður mjög sár, hvað getur þú gert?

Þið eruð búin að vera að spjalla saman næstum á hverjum degi í þrjár vikur, þið eruð búin að hittast bara tvö/tvær/tveir nokkrum sinnum og það var mjög næs. Þú veist að þið eruð hrifin af hvort öðru/annarri/öðrum en veist ekki hvort þið eruð saman, þorir eiginlega ekki að spyrja en langar samt ekki bara að bíða og bíða ...hvað getur þú gert?

16 ára stelpa og strákur eru búin að vera saman í tvo mánuði og hafa talað um að þeim langi að sofa saman. Eitt kvöldið eru þau óvænt ein heima og vita að enginn er á leiðinni heim. Þau byrja að kyssast í sófanum, þau höfðu ekki verið búin að ræða saman um smokkanotkun eða hvað nákvæmlega þau eru tilbúin

til að gera eða hvernig. Þau eru bæði stressuð ...hvað geta þau gert til að þeim líði bálum vel?